

Annar fundur skólaráðs Myllubakkaskóla skólaárið 2009 – 2010

haldinn mánudaginn 16. nóvember kl. 17:00 á bókasafni Myllubakkaskóla.

Mætt: Brynja Árnadóttir skólastjóri, Gísli B. Gunnarsson og Ingólfur Helgi Matthíasson fulltrúar kennara, Svandís Aðalsteinsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna, Ingibjörg Jenný Jóhannesdóttir og Torfi Agnar Jónsson fulltrúar nemenda og Júlíus Friðriksson og Hrefna Höskulsdóttir fulltrúar foreldra.

Fundargerð síðasta fundar var lesin og samþykkt með smávægilegum breytingum.

Ekkert foreldri hefur gefið kost á sér til að vera þriðji fulltrúi foreldra í ráðinu. Því verður að ráði að Júlíus og Brynja tali við ákveðna einstaklinga sem búa í nágrenni skólans fyrir næsta fund og bjóði þeim setu í skólaráði sem fulltrúm grendarsamfélagsins.

Ákveðið að fundir verði framvegis á mánudögum kl. 16:00

Fulltrúar skiluðu af sér skólanámskrá eftir yfirlestur. Námskráin var rædd. Hún verður nú yfirfarin og lagfærð og sett á heimasíðu skólans.

Brynja sagði frá umferðarkönnun sem nemendur í Legóhópi gerðu fyrir framan skólann þegar nemendur mæta á morgnanna. Hópurinn fór með niðurstöður könnunarinnar á fund bæjarstjóra og lögðu fram hugmyndir um það sem betur mætti fara. Bæjarstjóri brást vel við og nú þegar hafa verið sett upp tvö ný umferðarmerki sem eiga að auka öryggi vegfarenda við skólann. Einnig kynnti hópurinn könnunina fyrir lögreglu og skólastjórnendum.

Legóhópurinn tók þátt í First Lego League keppninni og stóð sig með mikilli þrýði lenti í 2 – 3 sæti í aðalkeppninni og varð efstur í keppni um bestu skemmtiatriðin. Rætt var um flutningabíl sem er lagt við Norðurtún. Brynja sagði að marg reynt hafi verið að fá bílinn í burtu en án árangurs. Reynt verður áfram.

Dagskrá vegna dags íslenskrar tungu sem er í dag tókst vel.

Ingólfur spurði hvort hægt væri að fá nemendur til að taka fréttaskot af viðburðum innan skólans og setja á heimasíðu skólans. Torfi Agnar sem er í stuttmyndavali sagði

Það hægt en oft væri það svo að þegar nemendur byrjuðu að taka stuttmyndir væri sjaldgjæft að þær væru kláraðar.

Ingólfur spurði um foreldrasamstarf innan bekkja. Fram kom hjá fulltrúum foreldra að ekki hefði enn tekist að fá bekkjafulltrúa í alla bekki.

Torfi Agnar sagði frá heimsókn 10. bekkjar í Alþingi.

Sjöundi bekkur fór í Gljúfrastein og Þjóðmennigarhúsið í síðustu viku. Líkt og hjá 10. bekk fengu nemendurnir hrós fyrir góða framkomu hvar sem þeir komu.

Hrefna spurði hvort mælt hefði verið til þess af skólanum að allir nemendur færu í flensusprautu vegna svínaflensu. Brynja sagði svo ekki vera en hjúkrunarfræðingur skólans mælti með því að allir færu í sprautu.

Í því sambandi benti Brynja á að færri hefðu verið skráðir veikir undanfarið en fyrir nokkrum vikum þegar flensan var í hámarki.

Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 14. desember kl. 16:00

Gísli B. Gunnarsson ritaði fundargerð.